

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 133/1161*  
*komudagur 22.2.2007*

Nefndasvið Alþingis  
Selma Hafliðadóttir, nefndarritari.  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. febrúar 2007

**Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög o.fl. (millilandasamruni og millilandaskipting). 133. löggjafarþing 2006 - 2007. Þskj. 779 - 516. mál.**

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur haft ofangreint frumvarp til umsagnar og telur rétt að koma eftirfarandi ábendingum á framfæri: (Athugasemdirnar vísa til ákvæða frumvarpsins sem fjalla um breytingar á lögum um hlutafélög nr. 2/1995, en eiga að breyttu breytanda við um breytingar á öðrum lögum.)

1. Hugtakið "millilandasamruni" er skilgreint í 1. gr. a frumvarpsins sem samruni þar sem samrunafélög lúta löggjöf minnst tveggja ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu. Önnur ákvæði frumvarpsins mæla síðan nánar fyrir um fyrirkomulag millilandasamruna og grundvallast á því að heimild til slíkra samruna sé til staðar. Það vekur athygli laganefndar að heimildin til að renna saman tveimur eða fleiri félögum, sem skráð eru í ólíkum aðildarríkjum EES, birtist hins vegar hvergi afdráttarlaust í frumvarpinu. Að mati laganefndar væri æskilegt að slík heimild væri beinlínis orðuð til að tryggja skýrleika lagatextans sjálfs.
2. Öndvert við það sem tekið er fram um skiptingu, sbr. 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins, er þess ekki getið í samrunaákvæðunum að það sé skilyrði samruna að löggjöf sem erlend samrunafélög lúta, leyfi samrunann. Eðli málsins samkvæmt yrði varla af samruna yfir landamæri nema lög allra þeirra ríkja sem í hlut eiga heimili slíkan samruna. Engu að síður er það mat laganefndarinnar að til að tryggja skýrleika löggjafarinnar sé æskilegra að það komi fram í lagatextanum sjálfum. Er að mati laganefndar ekki augljóst um ástæður þess að framsetning löggjafarinnar sé mismunandi að þessu leyti eftir því hvort um er að ræða samruna eða skiptingu.
3. Í almennum athugasemdum frumvarpsins segir m.a. að hið erlenda félag skuli "samsvara því félagi sem taka mun þátt í samruna að íslenskum rétti. Verður því í hverju einstöku tilviki, þegar samruni (eða skipting) fer fram, að meta hvort erlent þáttökufélag sé sambærilegt íslenska félaginu eða félögunum með tilliti til skipulags og félagsforms." Þessi afstaða er skiljanleg enda almennt hvorki heimilt né æskilegt að renna saman félögum sem eru mjög ólík hvað skipulag og form varðar. Aukinheldur skal það nefnt að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2005/56/EB, frá 26. október 2005, um samruna hlutafélaga yfir landamæri – til-

skipun sem frumvarpinu er ætlað að innleiða - grundvallast á því að samrunafélögin séu sambærileg, þ.e. einkum að bæði eða öll félög sem saman renna séu með takmarkaða ábyrgð félagsmanna. Í frumvarpstextanum er hins vegar efnislegur og formlegur sambærileiki samrunafélaga hvergi beinlínis gerður að skilyrði. Í ljósi þess sem að framan greinir telur laganefnd það nauðsynlegt að slíkt skilyrði sé orðað í frumvarpinu.

Að teknu tilliti til framangreindra ábendinga mælir laganefnd með samþykki frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

f.h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

---

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður